



Landssamtökin

Þroskahjálpar

Mannréttindi fyrir alla!

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (skerðing á lífeyri vegna búsetu), Þingskjal 71 — 71. mál.

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það

Með frumvarpi þessu er verið að bregðast við vaxandi vanda fólks sem kemur hingað til lands, m.a. til atvinnuþátttöku og einnig Íslendinga sem hafa búið erlendis um lengri tíma.

Þessir einstaklingar koma oft frá löndum þar sem almannatryggingakerfi eru veikburða og/eða vanþróðuð og greiðslur úr þeim lágar, a.m.k. í ljósi verðlags hér á landi. Því er eðlilegt og sanngjarnt að íslenskt samfélag tryggi þessum einstaklingum sambærilega möguleika til framfærslu og öðrum sem í landinu búa og miði í því sambandi við raunverulegar tekjur þeirra í stað áunninna réttinda í árum talið.

Með vísan til þess sem að framan segir mæla Landssamtökin Þroskahjálpar eindregið með að frumvarpið verði samþykkt.

Þa taka samtökin heilshugar undir rök og sjónamið sem fram koma í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarpið, dags. 4. mars 2022.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar.